



KRAFTLYFTINGASAMBAND ÍSLANDS

SÉRSAMBAND INNAN ÍPRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBANDS ÍSLANDS

Formannafundur KRAFT 2025

Dagsetning: Fimmtudagurinn 6. nóvember 2025

Fundartími: 17:30

Fundarstaður: Fundarsalur B, ÍSÍ, Engjavegi 6.

Fundarmenn:

Formenn / fulltrúar félaga:

AKR: Kristín Þórhallsdóttir

ÁRM: Þórunn Brynja Jónasdóttir

BRE: Hjálmar Andrésson

KFR: Ingimundur Björgvinsson

MAS: Kristleifur Andrésson

STJ: Hinrik Pálsson

Framkv.stjóri KRAFT

Lára Bogey Finnbogadóttir

Úr stjórn KRAFT

Laufey Agnarsdóttir (formaður)

Alex Cambray Orrason (meðstjórnandi)

Elín Melgar Aðalheiðardóttir (ritari)

Ingimundur Björgvinsson (meðstjórnandi)

Kristleifur Andrésson (meðstjórnandi)

Sigurjón Pétursson (heiðursformaður KRAFT og forseti IPF)

Auðunn Jónsson (íþróttastjóri)

1. FUNDARSETNING

Laufey Agnarsdóttir formaður KRAFT setti fund sem boðað var til skv. Lögum Kraftlyftingasambands Íslands VII. kafla. 26. gr.

2. KOSNING FUNDARSTJÓRA OG RITARI

Formaður lagði til að Gylfi Bergur Konráðsson yrði fundarstjóri og Elín Melgar Aðalheiðardóttir ritari sem var samþykkt.

3. Afreksstefna

Engar breytingar hafa verið gerðar á Afreksstefnu frá síðasta kraftlyftingapingi. Eftir stofnun AMÍ gætu orðið einhverjar breytingar á Afreksstefnu en þær hafa enn ekki komið í ljós. Til stendur að taka Aðgerðaráætlun KRAFT í gagnið. KRAFT sótti um í afrekssjóð í september en ÍSÍ er enn að vinna sig í gegnum umsóknir.

4. Breytingar á reglum og reglugerðum

Verklagsreglur við val í landslið

Landsliðsnefnd KRAFT mun koma með tillögur fyrir 18. nóvember. Stjórn áætla að vera búin að yfirfara og samþykkja fyrstu vikuna í desember.

Reglugerð um stigakeppni félaga

Reglugerð frá 2015 hefur verið uppfærð. Samþykkt á stjórnarfund 4. nóvember 2025. Tekur gildi 1. janúar 2026.

Reglugerð um agamál

Fyrstu drög hafa verið gerð af laganefnd KRAFT.

Siðareglur KRAFT

Afrekssjóður mun fyrir árið 2027 gera kröfu um að sérsambönd séu með eigin siðareglur. Er í vinnslu hjá laganefnd KRAFT.

5. Önnur mál

A. Samstarfssamningur við Lyfjaeftirlit Íslands

Stjórn KRAFT ákvað á vormánuðum að hafa samband við Lyfjaeftirlitið og athuga með að gera samstarfssamning við það. Drög hafa farið á milli KRAFT og lyfjaeftirlitsins og nú er síðasta yfirferð á leið til Lyfjaeftirlits. Stefnt á að klára fyrir lok ársins þ.a. samningur miðist við nýtt almanaksár. Samningurinn tekur til þriggja þátta: lyfjaeftirlit, tilkynningaskyldu og fræðslu. Gert er ráð fyrir um 20 lyfjaprófum til viðbótar við þau sem Lyfjaeftirlitið sinnir sem almennt eftirlit. Aðilar innan stjórnar KRAFT hafa unnið að því síðan að fá styrktaraðila en styrkirnir munu greiða fyrir þessi lyfjapróf.

Almenn ánægja var meðal fundarmanna um komandi samstarfssamning.

B. Kostnaður við mótahald

Stjórn KRAFT hafði tekið saman nokkra punkta til umræðu varðandi beint streymi frá öllum meistaramótum og tölvumál. Hvort bjóða ætti áfram streymi á öll mót en einfalda útsendingu.

Aðeins að bjóða upp á streymi frá ÍM mótum. Búnaður sem KRAFT á að eiga. Streymi frá mótum sem ekki eru úti á landsbyggðinni. Sjónvarpsstöðvar íþróttafélaga (ekki öll íþróttafélög með slík). Uppfæra tölvukerfi svo að mögulega getur starfsmaður mótshaldara tengst kerfinu (t.d. mótahald úti á landsbyggðinni). Lifandi færslur.

Mikil ánægja meðal fundarmanna með útsendinguna eins og hún er núna. Eins er mikil ánægja með þá starfsmenn sem sjá um tölvumálin. Tillaga um hvort hækka eigi mótsgjöld til að brúa bilið við kostnaðinn af beinum útsendingum.

C. Félagaaðild

Umræða hefur verið innan stjórnar og víðar hvort að skoða þurfi að breyta þeim tímamörkum sem sett eru í mótareglum um hve lengi keppandi þarf að hafa verið skráður í félag áður en viðkomandi getur keppt á meistaramóti. Í mótareglum eru það 3 mánuðir.

Tillaga um hvort setja eigi í reglur að 70 stig gildi inn á Íslandsmeistaramót og önnur lægri tala á bikarmeistaramót. Þannig þarf keppandi að hafa keppt á byrjendamóti til að vera gjaldgengur á bikar- eða Íslandsmeistaramót. Þá þyrfti m.a. að bæta bekkhluta við á byrjendamót.

D. Öldungaflokkur – landslið

Mikil fjölgun hefur verið í öldungaflokkunum, frá M1 og upp úr. Það er mjög jákvætt en á móti hefur kostnaður KRAFT vegna þátttöku öldunga aukist því KRAFT hefur borgað öll mótsgjöld og lyfjapróf fyrir keppendur. Þetta kemur úr vasa KRAFT þ.s. styrkur Afrekssjóðs er aðeins fyrir opna flokkinn og unglingaflokk. KRAFT borgar einnig fyrir dómara ef þess þarf vegna fjölda keppenda. Stjórn KRAFT hefur samþykkt að frá og með 2026 muni KRAFT aðeins borga lyfjapróf en keppendur borga mótsgjöldin. Stjórn KRAFT telur að þörf sé á að hafa lágmörk þegar kemur að þátttöku öldunga á alþjóðamótum. Lönd næst okkur, Noregur og Danmörk eru með lágmörk öldunga. Lágmörk eiga (eins og í öðrum aldurshópum) að vera hvatning til að halda áfram að bæta sig. Skv. Reglum IPF þá er ekki gert ráð fyrir að MASTER 3 og 4 geti keppt í opnum flokki og þ.a.l. var ákveðið að skoða aðeins lágmörk fyrir MASTER 1 og 2 en þar er líka fjölgunin mest. Við mat voru lágmörk hjá Danmörku og Noregi fyrir öldungaflokkana skoðuð sem og meðaltöl HM og EM, einnig voru tölur hjá okkar öldungum skoðuð samhliða. Tölurnar verða endurskoðaðar eftir ár þegar reynsla er komin á þau.

Samþykkt af fundarmönnum.

E. Styrktarlína KRAFT

Í vor var stofnuð styrktarlína KRAFT og sambandið skráð sem almannaheillafélag. Hlekkur inn á síðu með upplýsingum er á heimasíðu KRAFT, rauður feringur á forsíðu. Einstaklingar og fyrirtæki geta fengið endurgreiðslu frá skatti ef þau styrkja almannaheillafélög. Ekki náðst að auglýsa styrktarlínuna almennilega en stefnt er að því.

6. Fundarlok

Fundi slitið kl. 18:30.